

Reykjaneshöfn

Ársreikningur

2016

Reykjaneshöfn
Víkurbraut 11
230 Reykjanesbær
kt. 410190-1099

Reykjaneshöfn

Ársreikningur

2016

Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda	2-4
Áritun stjórnar og hafnarstjóra	5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-16

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Reykjaneshafnar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Reykjaneshafnar (hér eftir nefnd „höfnin“) fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar og hafnarstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu hafnarinnar á árinu 2016, efnahag hennar 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í áritun stjórnar og hafnarstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda*. Við uppfyllum ákvæði síðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst óháð höfninni. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Áframhaldandi rekstrarhæfi

Við viljum vekja athygli á skýringu 15 með ársreikningnum þar sem fjallað er um rekstrarhæfi hafnarinnar. Þar kemur fram að fjárhagsstaða Reykjaneshafnar hefur verið verulega erfið undanfarin ár og hafa stjórnendur átt í viðræðum við kröfuhafa hafnarinnar frá haustdögum 2015 varðandi endurskipulagningu á fjármálum hennar. Þessar viðræður eru langt komnar og er gert ráð fyrir að þeim ljúki á árinu 2017 og fjárhagsstaða hafnarinnar batni verulega í kjölfarið.

Á meðan niðurstaðan liggur ekki fyrir í viðræðum við kröfuhafa ríkir óvissa um rekstrarhæfi hafnarinnar en reikningsskil hennar eru gerð miðað við að forsendan um rekstrarhæfi sé til staðar.

Lykilatriði endurskoðunar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði sem, að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu við endurskoðun okkar á ársreikningi hafnarinnar árið 2016. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Eftirfarandi atriði teljum við vera lykilatriði við endurskoðun okkar:

a) Langtímaskuldir

Við höfum skilgreint framsetningu og uppreikning langtímaskulda sem lykilatriði við endurskoðun okkar. Langtímaskuldir eru verulegur liður reikningsskilanna auk þess sem skuldastaða hafnarinnar er undir sérstöku nálarauga sökum slæmrar fjárhagsstöðu og óvissu um rekstrarhæfi. Sjá nánar umfjöllun um mikilvægar reikningsskilaðferðir í skýringu 2 á bls. 10 og skýringu 11 á bls. 13.

Endurskoðun okkar á langtímaskuldum hafnarinnar fólst í greiningaraðgerðum, endurútreikningi á stöðu langtímaskulda í árslok, auk þess sem við kölluðum eftir beinum staðfestingum á kröfufjárhæðum lánveitenda og kröfuhafa. Þá fórum við jafnframt yfir skilmála lánasamninga, útboðslýsinga og annarra frumgagna í þeim tilgangi að leggja mat á framsetningu upplýsinga í ársreikningi.

b) Forsendan um rekstrarhæfi

Við höfum skilgreint beitingu stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi sem lykilatriði við endurskoðun okkar. Fjárhagsstaða Reykjaneshafnar er slæm og hafa stjórnendur átt í viðræðum við kröfuhafa hafnarinnar frá haustdögum 2015 varðandi endurskipulagningu á fjármálum hennar. Er því óumdeilt að óvissa ríki um rekstrarhæfi. Reikningsskil hafnarinnar eru þó gerð miðað við að forsendan um rekstrarhæfi sé til staðar. Sjá nánar í skýringu 15 á bls. 15.

Áritun óháðs endurskoðanda

Endurskoðunaraðgerðir okkar er varðar forsenduna um rekstrarhæfi fólust í yfirferð á þeim áætlunum sem lagðar hafa verið til grundvallar fjárhagslegri endurskipulagningu hafnarinnar, réttmæti þeirra áætlana, áreiðanleika og helstu áhrifaþætti. Þá höfum við aflað okkur upplýsinga frá stjórnendum um væntingar um niðurstöður viðræðna við kröfuhafa. Við yfirferð á framangreindum gögnum og upplýsingum höfum við lagt mat á hvort beiting forsendunnar um rekstrarhæfi sé viðeigandi. Þá höfum við sérstaklega yfirfarið þær skýringar sem er að finna í ársreikningnum, ásamt upplýsingum í áritun hafnarstjóra og stjórnar, og lagt mat á hvort þær uppfylli ákvæði ársreikningalaga.

Ábyrgð stjórnar og hafnarstjóra á ársreikningnum

Stjórn og hafnarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og hafnarstjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og hafnarstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi hafnarinnar. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningnum með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunaraðferðir muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunaraðferðir, beitungum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi hafnarinnar:

Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Afla skilnings á innra eftirliti ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits hafnarinnar heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.

- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstæða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi hafnarinnar.


- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.

Áritun óháðs endurskoðanda

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjanesbær, 10. apríl 2017



Theodór S. Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

Áritun stjórnar og hafnarstjóra

Ársreikningur Reykjaneshafnar fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tap Reykjaneshafnar á árinu 2016 nam kr. 427.787.849. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir hafnarinnar kr. 3.045.479.130, bókfært eigið fé í árslok er neikvætt um kr. 5.455.032.402 og er eiginfjárhlutfall neikvætt um 179%.

Stjórn Reykjaneshafnar leggur til að tap ársins verði flutt á eigið fé til jöfnunar síðar.

Höfnin endurfjármagnaði afborganir að fjárhæð 133,5 milljónir króna hjá Lánasjóði sveitarfélaga á árinu.

Í áætlun ársins 2016 var gert ráð fyrir að kísilver Sameinaðs Sílikon hf. myndi hefja starfsemi á árinu og gekk það eftir en hófst þó seinna en fyrirhugað var. Einnig var gert ráð fyrir að uppbygging á kísilveri Thorsil ehf. myndi hefjast á iðnaðarsvæði Helguvíkur með auknum tekjum því samfara fyrir höfnina. Það gekk ekki eftir en stefnt er að uppbygging þess hefjist á árinu 2017. Það leiddi til þess að tekjuáætlunir ársins breyttust verulega miðað við samþykktu fjárhagsáætlun. Tekjuaukning varð þó á árinu umfram áætlun í öðrum þáttum starfseminnar vegna aukinnar skipaumferðar. Einnig var aukning í þjónustutekjum og vörugjöldum sem má rekja meðal annars til framkvæmda á Keflavíkurflugvelli ásamt aukningu á flugumferð um völinn. Aflgjöld voru hins vegar lægri en ráð var gert fyrir vegna loðnubrests á vetrarvertíðinni 2016.

Launakostnaður á árinu var hærri en áætlað var sem skýrist af samningsbundnum hækkunum og auknum umsvifum. Töluverð hækkun var á lífeyrisskuldbindingu og var mun hærri en áætlað var. Skýring á því að mestum hluta er að einn lífeyrisþegi hóf töku lífeyris á árinu nokkru áður en reiknað hafði verið með. Rekstrarkostnaður fór fram úr áætlun sem liggur aðallega í aðkeyptri sérfræðiþjónustu vegna endurskipulagningar á skuldum hafnarinnar.

Uppbygging á iðnaðarsvæðinu við Helguvík mun leiða til tekjuaukningar á komandi árum. Hluti af þeirri uppbyggingu eru hafnarframkvæmdir í Helguvík til að mæta þeirri þjónustubörf sem fyrirsjáanleg er í framtíðinni með tilkomu kísilvera og annars iðnaðar.

Í október 2015 óskaði stjórn hafnarinnar eftir greiðslufresti hjá kröfuhöfum hafnarinnar þar sem fyrir lá að hún myndi ekki geta staðið við skuldbindingar sínar. Frá þeim tíma hafa farið fram viðræður milli aðila um endurskipulagningu á skuldum. Ekki er komin niðurstaða úr þeim viðræðum en vonir eru bundnar við að þeim ljúki á árinu 2017. Því er ljóst að vafi leikur á rekstrarhæfi hafnarinnar og vísar stjórnin í skýringu nr. 15 um rekstrarhæfi í því sambandi.

Að álitum stjórnar og hafnarstjóra Reykjaneshafnar koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu hafnarinnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og hafnarstjóri Reykjaneshafnar staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 10. apríl 2017


Í stjórn



Davíð Páll Viðarsson
formaður



Einar Magnússon



Hjörtur M. Guðbjartsson



Hanna Björg Konráðsdóttir



Hrafn Ásgeirsson (varamaður)

Hafnarstjóri



Halldór Karl Hermannsson

Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	2016	2015	Fjárhags- áætlun 2016
Rekstrartekjur				
Seld þjónusta.....		286.529.859	221.606.830	201.115.000
Leigutekjur		28.666.644	37.303.747	39.300.000
Lóðagjöld og efnissala úr námu.....		7.410.921	(8.574.996)	829.000.000
Aðrar tekjur		0	580.377	0
		<u>322.607.424</u>	<u>250.915.958</u>	<u>1.069.415.000</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	3	83.216.747	91.342.346	72.305.000
Hækkun lífeyrisskuldbindingar.....	12	30.388.146	9.816.405	5.500.000
Námuvinnsla vegna efnissölu.....		7.024.734	0	422.200.000
Annar rekstrarkostnaður.....		84.873.995	80.840.844	81.850.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		86.413.112	32.312.244	19.760.000
Afskriftir mannvirkja og annarra eigna	6	40.978.792	44.993.437	56.690.000
		<u>332.895.526</u>	<u>259.305.276</u>	<u>658.305.000</u>
Rekstrarhagnaður (-tap)		(10.288.102)	(8.389.318)	411.110.000
Fjármunatekjur.....	4	2.090.383	1.505.859	2.000.000
Fjármagnsgjöld.....	5	(419.590.130)	(389.711.376)	(354.446.000)
Tap ársins		<u>(427.787.849)</u>	<u>(396.594.835)</u>	<u>58.664.000</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eignir	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015
Fastafjármunir			
Hafnarmannvirki	6	2.136.369.471	2.144.657.660
Fasteignir	6	25.428.754	26.299.782
Hafnsögu- og dráttarbátur	6	25.821.370	27.303.108
Áhöld og tæki	6	5.823.833	6.685.517
Lóðir og lendur.....	7	456.351.324	456.351.324
Efnisbirgðir.....	8	116.242.410	123.267.144
		<u>2.766.037.162</u>	<u>2.784.564.535</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur.....	9	200.036.516	190.467.261
Aðrar skammtímakröfur	9	3.586.705	1.816.592
Bankainnstæður og sjóðir.....	9	75.818.747	21.462.168
		<u>279.441.968</u>	<u>213.746.021</u>
Eignir		<u>3.045.479.130</u>	<u>2.998.310.556</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Ójafnað tap	10	(5.455.032.402)	(5.027.244.554)
		<u>(5.455.032.402)</u>	<u>(5.027.244.554)</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Víkjandi lán frá Reykjanesbæ.....	11	3.184.506.953	3.119.131.580
Skuldir við lánastofnanir.....	11	2.227.248.435	2.275.585.292
Lífeyrisskuldbinding.....	12	107.374.730	76.986.584
		<u>5.519.130.118</u>	<u>5.471.703.456</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	13	36.017.273	32.740.424
Skuld við Reykjanesbæ.....	14	92.727.371	22.886.941
Aðrar skammtímaskuldir.....	13	82.190.414	88.093.816
Áfallnir og gjaldfallnir vextir		373.580.307	143.817.672
Gjaldfallnar og næsta árs afborganir langtímaskulda	13	2.396.866.049	2.266.312.801
		<u>2.981.381.414</u>	<u>2.553.851.654</u>
Skuldir		<u>8.500.511.532</u>	<u>8.025.555.110</u>
Eigið fé og skuldir		<u>3.045.479.130</u>	<u>2.998.310.556</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða.....		(427.787.849)	(396.594.835)
Rekstrarhreyfingar sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Afskriftir.....	6	40.978.792	44.993.437
Óbein afskrift skammtímakrafna, breyting.....	9	1.083.719	111.558
Verðhækkun langtímalána.....		149.174.157	158.091.808
Vaxtagjalddagar á höfuðstól langtímalána.....		0	83.733.955
Skuldbindingar, breyting.....	12	30.388.146	9.676.573
Hreint veltufé frá (til) rekstrar		<u>(206.163.035)</u>	<u>(99.987.504)</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Rekstrartengdar eignir, lækkun (hækkun).....		(12.423.087)	17.970.221
Rekstrartengdar skuldir, hækkun (lækkun).....		227.136.082	123.078.616
Handbært fé frá (til) rekstrar		<u>8.549.960</u>	<u>41.061.333</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum	6	(29.476.153)	(35.175.269)
Efnisbirgðir, breyting.....	8	7.024.734	0
		<u>(22.451.419)</u>	<u>(35.175.269)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Nýjar langtímaskuldir	11	133.500.000	100.000.000
Afborganir langtímaskulda	11	(135.082.392)	(203.704.052)
Skammtímaskuld við Reykjanesbæ, breyting.....	14	69.840.430	82.423.560
		<u>68.258.038</u>	<u>(21.280.492)</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		54.356.579	(15.394.428)
Handbært fé í upphafi árs.....		<u>21.462.168</u>	<u>36.856.596</u>
Handbært fé í lok árs.....	9	<u>75.818.747</u>	<u>21.462.168</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Reykjaneshöfn er stofnun sveitarfélags og starfar á grundvelli hafnalaga nr. 61/2003.

Reykjaneshöfn er þjónustufyrirtæki sem veitir ýmsa þjónustu tengda útgerðum, fiskvinnslum og flutningum á sjó. Auk þess veitir höfnin atvinnufyrirtækjum á iðnaðarsvæðinu í Helgufík þjónustu.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Reykjaneshafnar fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið og þjónustan verið innt af hendi. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Lóðagjöld eru færð þegar samningar liggja fyrir, greiðslur farnar að berast, lóð hefur verið afhent og skilyrði samninga uppfyllt.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Tekjuskattur

Stofnanir sveitarfélaga eru undanþegnar tekjuskatti. Tekjuskattur er því ekki reiknaður og færður í ársreikninginn.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Reykjaneshöfn innleiddi á árinu 2010 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr. 2 sem fjallar um færslu á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Reykjaneshöfn færir til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna, lóðir og lendur sem það hefur leigutekjur af og eru þær metnar til gangvirðis en þó eigi herra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum. Lóðir og lendur hafnarinnar eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Skýringar

2. Reikningskilaaðferðir (framhald)

Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Hreint söluverði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru effirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári. Sjá nánar skýringu númer 15 um frekari upplýsingar og breytingar langtímaskulda félagsins.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

3. Laun og annar starfsmannakostnaður

	<u>1.1 - 31.12 2016</u>	<u>1.1 - 31.12 2015</u>
Laun	75.568.007	79.867.901
Launatengd gjöld	19.892.751	21.317.102
Annar starfsmannakostnaður	697.176	631.447
	<u>96.157.934</u>	<u>101.816.450</u>
Laun og launatengd gjöld skiptast þannig í kafla rekstrarreiknings:		
	<u>1.1 - 31.12 2016</u>	<u>1.1 - 31.12 2015</u>
Laun og launatengd gjöld - Almenn laun og annar starfsmannakostnaður	83.216.747	91.342.346
Annar rekstrarkostnaður - Laun og launatengd gjöld vegna ísafgreiðslu	10.843.678	8.985.894
Annar rekstrarkostnaður - Laun og launatengd gjöld vegna lóðsbáts.....	2.097.509	1.488.210
	<u>96.157.934</u>	<u>101.816.450</u>
Stöðugildi að meðaltali	7,5	7,5

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu 2016 námu 14,1 milljónum króna en 20,4 milljónum króna árið 2015.

Skýringar

4. Fjármunatekjur

	1.1 - 31.12 2016	1.1 - 31.12 2015	Fjárhags- áætlun 2016
Vaxtatekjur	2.090.383	1.505.859	2.000.000
	<u>2.090.383</u>	<u>1.505.859</u>	<u>2.000.000</u>

5. Fjármagnsgjöld

	1.1 - 31.12 2016	1.1 - 31.12 2015	Fjárhags- áætlun 2016
Vextir og verðbætur langtímalána.....	(418.784.336)	(389.307.032)	(353.946.000)
Önnur vaxtagjöld	(668.822)	(404.344)	(500.000)
	<u>(419.590.130)</u>	<u>(389.711.376)</u>	<u>(354.446.000)</u>

6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Yfirlit um hafnarmannvirki og framlög ríkissjóðs og afskriftir:

	Hafnar- mannvirki	Framlög ríkissjóðs	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun	3.228.480.654	(470.062.926)	2.758.417.728
Afskrifað áður	(931.418.403)	317.658.335	(613.760.068)
Bókfært verð í ársbyrjun	2.297.062.251	(152.404.591)	2.144.657.660
Viðbót á árinu	29.476.153	0	29.476.153
Afskrifað á árinu	(45.590.401)	7.826.059	(37.764.342)
Bókfært verð í árslok	<u>2.280.948.003</u>	<u>(144.578.532)</u>	<u>2.136.369.471</u>

Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Hafnsögu- og dráttarbátur	Áhöld og tæki	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun	43.847.081	66.725.631	41.983.060	152.555.772
Afskrifað áður.....	(17.547.299)	(39.422.523)	(35.297.543)	(92.267.365)
Bókfært verð í ársbyrjun	26.299.782	27.303.108	6.685.517	60.288.407
Afskrifað á árinu	(871.028)	(1.481.738)	(861.684)	(3.214.450)
Bókfært verð í árslok	<u>25.428.754</u>	<u>25.821.370</u>	<u>5.823.833</u>	<u>57.073.957</u>

Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Váttrygginga- mat	Bókfært verð
Fasteignir.....	58.497.000	118.750.000	25.428.754
Hafnarmannvirki		6.047.965.000	2.136.369.471
Hafnarsögu- og dráttarbátur		56.677.000	25.821.370

Skýringar

7. Lóðir og lendur

	Lóðir og lendur
Stofnverð í ársbyrjun	456.351.324
Bókfært verð í árslok	456.351.324

Reykjaneshöfn innleiddi á árinu 2010 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr. 2 sem fjallar um færslu á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Við innleiðinguna voru lóðir og lendur sem höfnin hefur leigutekjur af endurmetnar til gangvirðis, en þó eigi hærra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum.

Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti í samræmi við álit 2 frá Reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga. Allar matsbreytingar vegna endurmats umfram 5% breytingu á árinu eru færðar á eiginfjárreikning. Breyting á matinu á árinu 2016 nam 4,4% og því ekki færðar á eiginfjárreikning.

8. Efnisbirgðir

Efnisbirgðir samanstanda af efni sem er vegna uppbyggingar á lóðum sem ekki hefur verið úthlutað og efnishaugum í Helguvík sem stendur til að nota í hafnargerð á árinu 2017 eða síðar.

9. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2016	31.12.2015
Viðskiptakröfur	48.312.804	37.659.830
Viðskiptakröfur - United Silicon	162.100.000	162.100.000
Óbein niðurfærsla viðskiptakrafna	(10.376.288)	(9.292.569)
	<u>200.036.516</u>	<u>190.467.261</u>

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

Staða í ársbyrjun	9.292.569	9.181.011
Breyting afskriftasjóðs á árinu	3.955.000	111.558
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu.....	(2.871.281)	0
Staða í árslok	<u>10.376.288</u>	<u>9.292.569</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

Skýringar

9. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2016	31.12.2015
Virðisaukaskattur.....	3.576.097	1.816.592
Fjármagnstekjuskattur.....	10.608	0
	<u>3.586.705</u>	<u>1.816.592</u>

Handbært fé

	31.12.2016	31.12.2015
Bankainnstæður og sjóðir	75.818.747	21.462.168
	<u>75.818.747</u>	<u>21.462.168</u>

10. Eigið fé

	Ójafnað tap
Ójafnað tap 1.1.2015	(4.542.619.566)
Endurmat lóða og lenda	(88.030.153)
Tap ársins	(396.594.835)
Ójafnað tap 1.1.2016	(5.027.244.554)
Tap ársins	(427.787.849)
Ójafnað tap 31.12.2016	(5.455.032.402)

11. Langtímaskuldir

	Víkjandi lán frá Reykjanesbæ		Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2015
Skuldir í ISK	3.184.506.953	3.119.131.580	4.624.114.484	4.541.898.093
Næsta árs afborganir langtímaskulda	0	0	(2.396.866.049)	(2.266.312.801)
Langtímaskuldir í árslok	<u>3.184.506.953</u>	<u>3.119.131.580</u>	<u>2.227.248.435</u>	<u>2.275.585.292</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við	Skuldir við
	Reykjanesbæ	lánastofnanir
	31.12.2016	31.12.2016
Gjaldfallnar afborganir 2016	0	2.177.138.782
Afborganir 2017	0	219.727.267
Afborganir 2018	0	228.220.853
Afborganir 2019	0	240.241.818
Afborganir 2020	0	252.779.723
Afborganir 2021	0	262.825.834
Afborganir síðar	3.184.506.953	1.243.180.207
	<u>3.184.506.953</u>	<u>4.624.114.484</u>

Víkjandi lán frá Reykjanesbæ er lán frá tengdum aðila félagsins og er í skýringu nr. 14 upplýsingar um tengda aðila félagsins og greining því tengt.

Skýringar

12. Lífeyrisskuldbinding

Á félaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna félagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Skuldbindingin nemur kr. 107.374.730 í árslok 2016 samkvæmt tryggingafræðilegu mati og miðast útreikningurinn við 2% ávöxtun umfram launahækkanir. Hækkun skuldbindingarinnar nam kr. 30.388.146 og er færð til gjalda í rekstrarreikningi.

13. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.12.2016	31.12.2015
Viðskiptaskuldir	36.017.273	32.740.424
	<u>36.017.273</u>	<u>32.740.424</u>

Aðrar skammtímaskuldir

Ógreitt tryggingagjald	780.457	1.272.443
Ógreiddur staðgreiðsluskattur	3.371.989	5.434.979
Áfallið orlof	4.106.274	4.573.497
Ógreiddur áfallinn kostnaður	5.876.888	8.848.181
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur	204.806	114.716
Fyrirframinnheimtar tekjur	67.850.000	67.850.000
	<u>82.190.414</u>	<u>88.093.816</u>

Næsta árs afborganir langtímaskulda

Skuldir við lánastofnanir	2.396.866.049	2.266.312.801
	<u>2.396.866.049</u>	<u>2.266.312.801</u>

14. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

	Langtíma- skuldir 31.12.2016	Langtíma- skuldir 31.12.2015	Skammtíma- skuldir 31.12.2016	Skammtíma- skuldir 31.12.2015
Reykjanesbær, móðurfélag (víkjandi lán)	3.184.506.953	3.119.131.580	0	0
Reykjanesbær, móðurfélag	0	0	92.727.371	22.886.941
	<u>3.184.506.953</u>	<u>3.119.131.580</u>	<u>92.727.371</u>	<u>22.886.941</u>

Skýringar

14. Tengdir aðilar (framhald)

Viðskipti við tengd Reykjanesbæ, móðurfélag:	Viðskipti	Viðskipti
	1.1 - 31.12 2016	1.1 - 31.12 2015
Fasteignagjöld, húsaleiga og önnur þjónusta	25.167.998	30.422.848
Verðbætur vegna víkjandi láns	65.381.018	61.209.422
	<u>90.549.016</u>	<u>91.632.270</u>

Reykjaneshöfn telst til B-hluta stofnana Reykjanesbæjar og er að öllu leyti eign bæjarins sem ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum hafnarinnar.

15. Rekstrarhæfi

Samkvæmt rekstrarreikningi Reykjaneshafnar nam tap ársins 427,8 milljónum króna, samkvæmt efnahagsreikningi var eigið fé hafnarinnar neikvætt um 5.455 milljónir króna og er eiginfjárlutfall hafnarinnar neikvætt sem nemur 179%.

Skammtímaskuldir eru 2.981,3 milljónir króna í árslok. Veltufjármunir í árslok eru um 279,5 milljónir króna og veltufjárlutfall um 0,09. Handbært fé til rekstrar á árinu 2016 var um 15,6 milljónir króna.

Í fjárhagsáætlun 2017 er gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 88,2 milljónum króna og síðan verulegra neikvæðri niðurstöðu næstu þrjú ár eftir það. Gert er ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði 292,9 milljónir króna á árinu 2017, verði neikvætt um 120,3 milljónir króna á árinu 2018 og verði svo jákvætt næstu ár þar á eftir. Í áætluninni er gert ráð fyrir 300 milljónum króna fjárfestingu á árinu 2017 og 900 milljónum króna fjárfestingu á árunum 2018 til 2020. Gert er ráð fyrir greiddum afborgunum langtímalána að upphæð 166,9 milljónum króna á árinu 2017 og tekin verði ný langtímalán að fjárhæð 300 milljónum króna.

Mikil aukning var á starfsemi hafnarinnar á árinu á hafnarsvæðinu í Helguvík. Ástæðan er m.a. uppbygging kísilvers Sameinaðs Sílikon hf. á iðnaðarsvæðinu í Helguvík og aukning í eldsneytisinnflutningi vegna aukinnar flugumferðar um alþjóðaflugvöllinn í Keflavík. Einnig hefur Eimskip hf. hafið reglubundnar siglingar til Helguvíkurhafnar sem eykur möguleika til notkunar á höfninni til inn- eða útflutnings. Með aukinni starfsemi mun tekjustreymi aukast á komandi árum.

Fjárhagsstaða hafnarinnar hefur verið verulega erfið undanfarin ár. Stjórn hafnarinnar hefur verið í viðræðum við kröfuhafa sína frá haustdögum 2015 um endurskipulagningu á skuldum hafnarinnar. Þessar viðræður hafa verið hluti af viðræðum Reykjanesbæjar um endurskipulagningu á skuldum bæjarins og stofnana hans en Reykjaneshöfn er ein af stofnunum bæjarins. eru þessar viðræður langt komnar og er gert ráð fyrir að þeim ljúki á árinu 2017 með niðurstöðu sem bætir rekstrarumhverfi hafnarinnar verulega.

Aðlögunaráætlun Reykjanesbæjar var lögð fram til fyrri umræðu bæjarstjórnar þann 21. mars 2017. Í henni kemur fram að til stendur að endurfjármagna öll lán Reykjaneshafnar fyrir utan lánveitingar frá Lánasjóði sveitarfélaga og víkjandi lán sem höfnin skuldar Reykjanesbæ. Þá er einnig lagt upp með að greiða skuldabréfaflokka með nýju láni frá Lánasjóði sveitarfélaga. Lánin verða endurfjármögnuð með skuldabréfum sem bera 3,25% vexti.

Miðað við að framangreindar forsendur gangi eftir telja stjórn og stjórnendur Reykjaneshafnar að höfnin muni geta staðið við skuldbindingar sínar í framtíðinni og rekstrarhæfi hafnarinnar sé til staðar. Stærsti áhættuþáttur áætlunarinnar er þó tengdur iðnaðaruppbyggingu í Helguvík og uppbyggingu kísilvera þar.

Reykjanesbær ber alla ábyrgð á skuldum og skuldbindingum Reykjaneshafnar samkvæmt 16. gr. hafnarlaga.

Óvissa ríkir um rekstrarhæfi Reykjaneshafnar á meðan ekki er komin niðurstaða í viðræður við kröfuhafa en reikningsskil hennar eru gerð miðað við að forsendan um rekstrarhæfi sé til staðar.

16. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 10. apríl 2017.

Skýringar

17. Kennitölur

Úr rekstrarreikningi:	<u>1.1 - 31.12 2016</u>	<u>1.1 - 31.12 2015</u>	<u>1.1 - 31.12 2014</u>
Arðsemi			
Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA)	30.690.690	36.604.119	427.676.641
a) Framlegðarhlutfall rekstrar	0,10	0,15	0,23
a) EBITDA/rekstrartekjur			
Úr efnahagsreikningi:	<u>31.12.2016</u>	<u>31.12.2015</u>	<u>31.12.2014</u>
Nýting fjármagns			
b) Veltuhráði eigna	0,11	0,08	0,2
c) Veltuhráði viðskiptakrafna	1,29	3,60	2,44
b) Rekstrartekjur/meðalstaða heildareigna		c) Rekstrartekjur/meðalstaða viðskiptakrafna	
Greiðsluhæfi			
d) Veltufjárhlutfall	0,09	0,08	0,70
d) Veltufjármunir/skammtímaskuldir			
Fjárhagslegur styrkur			
e) Eiginfjárhlutfall	-179%	-168%	-139%
e) Eigið fé/heildarfjármagn			
Úr sjóðstreymi ársins:	<u>1.1 - 31.12 2016</u>	<u>1.1 - 31.12 2015</u>	<u>1.1 - 31.12 2014</u>
f) Skuldabekja handbærs fjár	0,001	0,005	(0,003)
f) Handbært fé frá (til) rekstrar/skuldir			

18. Sjóðstreymisýfirlit

	<u>1.1 - 31.12 2016</u>	<u>1.1 - 31.12 2015</u>	<u>1.1 - 31.12 2014</u>	<u>1.1 - 31.12 2013</u>	<u>1.1 - 31.12 2012</u>
Tap ársins.....	(427.787.849)	(396.594.835)	(103.467.236)	(650.503.476)	(667.074.903)
Afskriftir.....	40.978.792	44.993.437	45.109.438	46.034.891	46.246.829
Afskrift viðskiptakrafna.....	1.083.719	0	4.146.859	12.891.754	2.534.918
Reiknaðir fjármagnsliðir.....	149.174.157	241.825.763	209.831.075	457.605.406	336.810.897
Aðrar breytingar.....	30.388.146	9.788.131	2.853.599	(3.857.593)	(4.935.677)
Hreint veltufé frá (til) rekstrar	<u>(206.163.035)</u>	<u>(99.987.504)</u>	<u>158.473.735</u>	<u>(137.829.018)</u>	<u>(286.417.936)</u>
Breyting á:					
Rekstrartengdum eignum.....	(12.423.087)	17.970.221	(173.829.636)	6.894.555	154.100.430
Rekstrartengdum skuldum.....	227.136.082	123.078.616	(4.818.177)	(8.410.662)	(69.725.760)
Handbært fé frá (til) rekstrar	<u>8.549.960</u>	<u>41.061.333</u>	<u>(20.174.078)</u>	<u>(139.345.125)</u>	<u>(202.043.266)</u>